



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fundur FME og SFF um innleiðingarmál

Verklag FME og lagabreytingar á evrópskum fjármálamarkaði

Rúnar Guðmundsson, aðstoðarframkvæmdastjóri eftirlitssviðs
og Hjálmar S. Brynjólfsson, lögfræðingur

12. júní 2014

Markmið kynningarfundar FME og SFF

- Varpa ljósi á innleiðingarmál með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES)
- Með innleiðingarmálum er átt við innleiðingu skráðra réttarheimilda á EES (tilskipanir, reglur, tilmæli o.s.frv.)
- Viljum upplýsa um verklag FME og samvinnu og þá miklu vinnu sem framundan er
- Kynning þessi er miðuð við þá sem hafa nokkra þekkingu á viðfangsefninu



Verklag FME við innleiðingarmál

- Myndun hóps um sértæk lagaleg málefni á eftirlitssviði (SLM) og stýrihóps um reglusetningar
- Fjöldi vinnuhópa innanhúss þvert á FME (eftirlitssvið, greiningarsvið, verðbréfamarkaðseftirlit o.s.frv.)
- Leiðbeiningar um reglusetningar, skilgreint hlutverk vinnu við lagabreytingar, reglugerðir, reglur, leiðbeinandi tilmæli
- Rýni (greiningarvinna) og forgangsröðun
- Náin samvinna við fjármála- og efnahagsráðuneytið og eftir atvikum önnur ráðuneyti
- Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi t.d. EFTA WGFS og EIOPA, EBA og ESMA og vinnuhópa á þeirra vegum



Samvinna FME og ráðuneytis

- Starfsemi fjármálamarkaðar heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið.
- Fleiri ráðuneyti og stofnanir koma við sögu t.d. innanríkisráðuneytið, atvinnuvegaráðuneytið, Samkeppnisstofnun, Persónuvernd og Neytendastofa
- Í lögum um fjármálafyrirtæki segir m.a. „tilgangur laga þessara er að tryggja að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa, stofnfjáreigenda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi“
- Auknar kröfur til félaga sem teljast „eining tengd almannahagsmunum“



Framhald

- Með bréfi fjármála og efnahagsráðuneytis, dags. 11.12. 2013, var samvinna ráðuneytisins og FME skilgreind nánar
- Ráðuneytið sér um innleiðingu móðurgerða sem alla jafnan kalla á frumvarpsvinnu, FME aðstoðar með rýni og greiningu og getur eftir atvikum annast innleiðingu á afmörkuðum hlutum gerða skv. beiðni
- FME tekur að sér innleiðingu á tæknistöðlum, þ.m.t. vinnslu staðalskjala, sem unnir eru á vegum hinna nýju alþjóðlegu eftirlitsstofnana (EBA, EIOPA og ESMA)
- FME sér einnig um innleiðingu á framkvæmdarreglugerðum, að því gefnu að þær kalli ekki á lagabreytingar
- FME og ráðuneytið eiga gott samstarf um innleiðingu gerða á sviði fjármálamarkaða, það samstarf mun halda áfram



Framhald

- **Innleiðingarmál (lagabreytingar, reglur, tilmæli):**
 - Mikil fjöldi EES gerða framundan, útheimtir sérfræðipokkingu, ákvarðanatöku og forgangsröðun sbr. síðari umfjöllun
 - t.d. Solvency II, CRD IV, EMIR, Skortsala og AIFMD
 - Stöðuskjal og yfirlit yfir EES-gerðir á fjármálamarkaði (heildarlistun og flokkun) og reglur og tilmæli
 - Stýrihópur FME um reglusetningar (bætt samráð, forgangsröðun, ákvarðanatöku innanhúss)
 - Gæta þarf að samvinnu innan stjórnarsýslu og við eftirlitsskylda aðila
 - Stjórnarskrárvandinn í tengslum við eftirlitsstofnanirnar er enn óleystur
 - Fjöldi erinda frá Alþingi og ráðuneytum vegna frumvarpsmála
 - Aukin upplýsingagjöf til eftirlitsskyldra aðila til að búa í haginn t.d. með notkun heimasíðu og kynningarfunda




Framhald

- Innleiðingarmál krefjast samvinnu starfsmanna FME, það einkennir mjög framvindu verkefna
- Gerir kröfu til yfirsýnar, skipulagningar og forgangsröðunar
- Umhugsunarvert hversu mikil áhersla er lögð á að FME setji reglur og/eða leiðbeinandi tilmæli í stað þess að lagaákvæði kveði ítarlega t.d. á um efni EES-gerða
- Mikilvægt að lagaákvæði kveði á um íþyngjandi ráðstafanir í stað t.d. reglna, að lagastoð sé óumdeild
- Þýðingarvinna á EES gerðum mjög viðamikil verkefni, spyrja má hvort þær megi innleiða á ensku í auknum mæli



Eftirlit á fjármálamarkaði í ESB

EU's framework for supervision



Nýjar eftirlitsstofnanir EBA – ESMA - EIOPA

- Eftirlitsstofnunum ESB fengið vald til töku ákvarðana t.d.
 - þegar neyðarástand skapast
 - ef lögbær yfirvöld ríkjanna bregðast ekki við ákvörðunum þeirra í neyðartilvikum
 - ef lögbærum yfirvöldum ríkjanna tekst ekki að ná samkomulagi sín í milli við eftirlit með fyrirtækjum í fleiri löndum
- Geta tekið ákvarðanir í vissum tilvikum sem beint er að einstaka fjármálafyrirtækjum og gripið til ráðstafana ef lögbær yfirvöld ríkjanna hafa ekki fylgt fyrirmælum stofnunar.
- Tæknistaðlar gefnir út sem skuldbinda aðildarríkin
- Tímabundið bann eða takmörkun á fjármálastarfsemi sem ógnar stöðugleika á fjármálamarkaði í skilgreindum tilvikum.
 - Evrópudómstóllinn C-270/12 Bretland gegn Evrópuþinginu – Lögmæti heimildar ESMA til að banna skortsölu staðfest



Staða innleiðingarvinnu

- Við munum varpa ljósi á helstu verkefni sem framundan eru (sbr. erindi sem flutt verður)
- Nota má myndlíkingu við ísjaka, við sjáum hluta jakans á yfirborðinu undirlagið er hulið sjónum okkar en á því þarf að vinna
- Magn tilskipana og reglugerða sem þarf að innleiða eykst í sífellu, án þess að þær fari inn í EES-samninginn
- Umræddum gerðum mun fylgja fjöldi tæknistaðla
- Mikilvægt að vinna markvisst áfram að undirbúningi þ.m.t. rýni og greiningarvinnu



Framhald

- Stjórnarskrárvandinn svonefndi endurspeglast nú þegar t.d. í CRD IV og tilskipun um fagfjárfestasjóði (AIFMD).
- Er sérlausn í sjónmáli? Er EES-samningurinn í uppnámi?
- Er unnt að setja lög sem fela í sér útfærslur tilskipana þótt þær hafi ekki verið teknar inn í EES-samninginn og án þess að kveðið sé á um valdheimildir hinna erlendu eftirlitsstofnana?
- Okkur miðar í rétta átt því unnið er markvisst að mögulegri lausn en óvissa er um niðurstöðu



Möguleikar EFTA ríkjanna til að hafa áhrif

- Mikilvægt að koma sjónarmiðum EFTA ríkjanna á framfæri
 - Því fyrr í ferlinu þeim mun meiri möguleikar
- Á vettvangi ESB: Þegar verið er að undirbúa og semja reglurnar
 - Vinnuhópar hjá Framkvæmdastjórninni
 - Fundir hjá ESMA, EBA og EIOPA
- Vinnuhópar EFTA
 - Við upptöku í EES Samninginn (fastanefnd og sameiginlega EES nefndin)
 - Aðlögunartexti við ákvarðanir sameiginlegu EES nefndarinnar – Erfitt að fá slíkt í gegn - Einsleitni



Eftirlitsskyldir aðilar þurfa að fylgjast með

- Mikilvægt fyrir eftirlitsskylda aðila að fylgjast með því sem er á leiðinni frá ESB í gengum EES
- Virkja mögulegan samráðsvettvang fjármálafyrirtækja í Evrópu
- Þegar stjórnarskrárvandinn leysist þá gætu hlutirnir gerst hratt hvað varðar innleiðingu mikils magns nýrra reglna
- Ábendingar frá eftirlitsskyldum aðilum til stjórnvalda varðandi nauðsyn á aðlögun – því fyrr í ferlinu því betra



Niðurlag

- Virk þátttaka í störfum ESMA, EBA og EIOPA og EFTA er mikilvæg
- Virk þátttaka við svörun spurningalista og skýrsluskila
- Virk stöðutaka nauðsynleg varðandi innleiðingarmál
- Virkja áfram samvinnu FME og ráðuneytisins
- Virkja samvinnu við eftirlitsskylda aðila
 - T.d. á vettvangi fastanefnda sem stofnaðar hafa verið (á sviði lánamarkaðar, verðbréfamarkaðar, váttryggingamarkaðar og greiðslupjónustu)



Framhald

- FME mun leitast við að bæta upplýsingagjöf til eftirlitsskyldra aðila varðandi innleiðingarmál
- FME gerir kröfu til sín um vandaða stjórnsluhætti og að ekki séu settar íþyngjandi reglur að óþörfu, FME er meðvitað um mikilvægt hlutverk sitt í þessum efnum
- E.t.v. þarf að skerpa á hlutverki FME á sviði vinnu við skráðar réttarheimildir í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og um leið kostnaði vegna þessa
- Umfang „regluverks“ hefur aukist frá 2008, spyrja má hvort tilhneiging sé til afturhvarfs til fyrri tíma varðandi „fyrirfram kerfisbundið eftirlit“ en fullvíst er samt sem áður að eftirlitsskyldir aðilar bera ríka ábyrgð á starfsemi sinni
- Sú vegferð sem framundan er er samstarfsverkefni aðila





FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

CRD IV og fleiri lagabreytingar á evrópskum fjármálamarkaði

Endurskoðun evrópskra laga á sviði fjármálapjónustu

- Viðbrögð ESB við alþjóðlegu banka- og fjármálakreppunni 2008 – 2010
- Hreyfing á öllum mörkuðum
 - Nýjar móðurgerðir
 - Með einhverjum hætti verið að breyta öllum mikilvægustu móðurgerðunum á lána-, verðbréfa- og váttryggingamörkuðum
- Reglugerðir notaðar í meira mæli en áður í stað tilskipana
- Tæknistöðlum, nýrri tegund réttarheimilda, er ætlað að tryggja að fjármálaeftirlit í Evrópu (bæði ESAs og NCAs) geti unnið bindandi fyrirmæli um hluta löggjafarinnar
- Markmiðið að skapa samræmt evrópskt regluverk á fjármáلامarkaði (e. single rule book)



„Stíflan“ í EES-samningnum

- Vegna reglugerðanna um stofnun ESAs komast nýjar efnisreglur ekki inn í EES – samninginn
 - CRA frá árinu 2009
 - AIFMD frá árinu 2011
 - Skortsölureglugerðin frá árinu 2012
 - EMIR frá árinu 2012
 - CRD IV / CRR frá árinu 2013
 - Breytingar á Transparency tilskipuninni frá árinu 2013
 - Solvency II (upphaflega frá árinu 2009)
- Tólf nýjar móðurgerðir bætast við á þessu ári

CRA – Credit Rating Agencies

- Ný móðurgerð (reglugerð (EB) nr. 1060/2009)
- Þegar komnar 2 breytingareglugerðir, 4 tæknistaðlar og 5 annars konar fylgigerðir, þ.m.t. gjaldskrá
 - Fleiri tæknistaðlar í smíðum, byggt á CRA III
- Kveður á um eftirlit með lánshæfismatsfyrirtækjum, sem verður á höndum ESMA
- Þessi gerð mun hafa takmörkuð áhrif hér á landi
- Þó nauðsynlegt að innleiða hana hér til að tryggja einsleitni í lagaumhverfi í Evrópu

AIFMD – tilskipun um fagfjárfestasjóði

- Ný móðurgerð (tilskipun 2011/61/ESB)
- Þegar komnar 2 fylgigerðir (EuVECA og EuSEF), 1 stór afleidd gerð, 2 tæknistaðlar og 2 sértækar fylgigerðir um tilkynningar
- Gildissvið tilskipunarinnar annað en ákvæði laga um fagfjárfestasjóði
 - Fleiri aðilar sem teljast fagfjárfestar
 - Fjárhæðarþröskuldar takmarka áhrif hér á landi
- Upplýsinga- og tilkynningaskylda
- Takmörkun á vogun (e. leverage), gagnsæiskröfur
- Sérreglur um sjóði frá þriðju ríkjum sem nýta sér Evrópupassa
- Kaupaukakerfi, sambærilegt við CRD IV
- Getur haft talsverð áhrif hér á landi

Skortsölureglugerðin

- Ný móðurgerð (reglugerð (ESB) nr. 236/2012)
- Þegar komin ein afleidd gerð Framkvæmdastjórnar ESB og 3 tæknistaðlar
- Skyld að tilkynna nettó skortstöðu í skráðum hlutabréfaflokki ef hún nær 0,2% af útgefnu hlutafé félags
 - Sambærilegt varðandi skortstöður í skráðum skuldabréfum
- Fari skortstaða yfir 0,5% af útgefnu hlutafé þarf að birta tilkynningu opinberlega
- Takmarkanir á óvarðri skortsölu
 - Aðili þarf að lágmarki að hafa gert samning sem tryggir að viðkomandi bréf verði til staðar við uppgjör
- Veitir ESMA heimild til inngripa, sbr. fyrri umfjöllun um dóm
- Þessi gerð mun hafa talsverð áhrif hér á landi

EMIR – miðlægt uppgjör afleiðuviðskipta

- Ný móðurgerð (reglugerð (ESB) nr. 648/2012)
- Þegar komnir 13 tæknistaðlar og breytingareglugerðir
- Aukið gagnsæi
- Kveður á um að OTC afleiðusamningar skuli staðreyndir og greiðslujafnaðar (e. cleared) í gegnum miðlæga mótaðila (e. central counterparty)
- Alla OTC afleiðusamninga skal tilkynna til viðskiptaskráningar (e. trade repository)
 - Miðlæg upplýsingasöfnun um afleiðusamninga
- Krafa um aukna eiginfjárstöðu fyrir OTC afleiðusamninga sem ekki falla undir kröfur um greiðslujöfnun
- Þessi gerð mun hafa umtalsverð áhrif hér á landi, sem og annars staðar í Evrópu

CRD IV / CRR

- Hryggjarstykkið í samevrópska regluverkinu
- Ekki beint nýjar móðurgerðir, byggt er á grunni gildandi móðurgerða
- Tilskipun 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 leysa af hólmi tilskipanir 2006/48/EB og 2006/49/EB
- Þegar komnir 13 tæknistaðlar, en sú tala á eftir að vaxa í 20 áður en árið er á enda
- Aðrar afleiddar gerðir eiga eftir að fylgja, m.a. um lausafjárhlutfall og vogunarhlutfall
- Þessar gerðir munu hafa umtalsverð áhrif hér á landi

CRD IV / CRR

- Skilgreiningar samræmdar fyrir Evrópu
- Eiginfjárgrunnur endurskilgreindur
 - Gæði eigin fjár eykst, m.a. með nýjum frádráttarliðum frá eiginfjárgrunni og skilyrðum sem eiginfjárgrunnsgerningar (e. own funds instruments) verða að uppfylla
- Eiginfjáraukar
 - Magn eigin fjár eykst, getur numið allt að 7,5-10% af áhættuvegnum eignum
- Samræmd lausafjárhlutföll og fjármögnunarhlutföll fyrir Evrópu
- Samræmt vogunarhlutfall fyrir Evrópu
- Breytingar á SREP ákvæðum, nákvæmari ákvæði en áður
 - M.a. aukin fjölbreytni í viðurlögum á grundvelli SREP ferlis
- Hert viðurlög við brotum gegn ákvæðum CRD IV / CRR
- Samræmd ákvæði um stjórnarhætti, þ.m.t. kaupaukakerfi

Transparency tilskipunin

- Ekki ný móðurgerð tilskipun 2013/50/ESB breytir tilsk. 2004/109/EB
- A.m.k. 3 tækniáætlar í smíðum, varða m.a. rafræn skil á ársskýrslum og tæknileg atriði varðandi 5% þröskuld vegna veltubókar, lista yfir fjármálagerninga sem eru flöggunarskyldir o.fl.
- Meiri sveigjanleiki vegna birtingar árshlutareiknings, gert fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki
- Ársreikningar og árshlutareikningar aðgengilegir í lengri tíma
- Breytingar á skilyrðum vegna gagnsæis
 - Skylda til að birta upplýsinga um útgáfu nýrra lána felld niður
 - Skylda til að senda drög að breytingum á stofnsamningi eða samþykktum felld niður
- Flöggunarskyldu vegna fjármálagerninga breytt
 - Ekki bara hlutir í hlutafélögum heldur einnig tilkynningar vegna allra fjármálagerninga sem veita sambærileg réttindi í skráðu félag
- Hert viðurlög

Solvency II

- Gildistöku Solvency II, tilskipunar 2009/138/EB, hefur verið slegið á frest
- Gert er ráð fyrir að hún taki gildi 1. janúar 2016
- Með Solvency II teknar upp áhættumiðaðar gjaldpolsreglur, fjöldi eldri móðurgerða á váttryggingamarkaði sameinaðar í eina tilskipun
- Gripið hefur verið til þess ráðs að setja undirbúningstilmæli (e. preparatory guidelines) í Evrópu sem eftirlit í hverju ríki geta innleitt
- Fjármálaeftirlitið vinnur á þessu ári við innleiðingu þessara GL, felur m.a. í sér upptöku XBRL fyrir váttryggingafélög
- Ná einnig til stjórnarháttar og áhættustýringar og eigin áhættu- og gjaldpolsmats (ORSA)
- Unnið að gerð leiðbeinandi tilmæla, fjöldi hópa starfandi við það verkefni

12 nýjar móðurgerðir

- Áður en Evrópuþingið lauk störfum nú í vor náðist samkomulag vegna 12 nýrra móðurgerða
- Sumar hafa þegar verið birtar, en aðrar verða birtar síðar í sumar
 - MiFID II / MiFIR
 - CSMAD / MAR
 - Fasteignaveðlánatilskipunin 2014/17/ESB
 - Tilskipun um bankareikninga
 - Tilskipun um skila- og slitameðferð fjármálafyrirtækja og reglugerð um stofnun skila- og slitameðferðarsjóð (BRRD og SRM)
 - „Audit reform“, reglugerð (ESB) nr. 537/2014 og tilskipun 2014/56/ESB
 - UCITS V
 - PRIPS – samræmd upplýsingagjöf vegna fjárfestingar í tilteknum gerningum, mun að öllum líkindum gilda um séreignarlífeyrissparnað

Sviðsmynd 1 – lausn finnst í dag

- Ef stjórnarskrárvandinn leysist í dag:
 - Klára innleiðingu CRA ásamt fylgigerðum
 - Klára innleiðingu AIFMD ásamt fylgigerðum
 - Taka upp EMIR ásamt fylgigerðum
 - Taka upp skortsölureglugerðina ásamt fylgigerðum
 - Taka upp CRD IV/CRR ásamt fylgigerðum, þ.m.t. tæknistaðal um gagnaskil
 - Taka upp Transparency
- Hefðum takmarkaðan tíma til að innleiða

Sviðsmynd 2 – lausn eftir 6 mánuði

- Ef stjórnarskrárvandinn leysist í lok þessa árs:
 - Klára innleiðingu CRA ásamt fylgigerðum
 - Klára innleiðingu AIFMD ásamt fylgigerðum
 - Taka upp EMIR ásamt fylgigerðum
 - Taka upp skortsölureglugerðina ásamt fylgigerðum
 - Taka upp CRD IV/CRR ásamt fylgigerðum, þ.m.t. tæknistaðal um gagnaskil
 - Taka upp Transparency
- Hefðum takmarkaðan tíma til að innleiða þessar gerðir
- Auk þess bætast við þessar 12 nýju móðurgerðir sem allar verða birtar á þessu ári

Sviðsmynd 3 – lausn eftir 12 mánuði

- Ef stjórnarskrárvandinn leysist eftir ár er öruggt að við yrðum að taka upp og innleiða:
 - CRA ásamt fylgigerðum
 - AIFMD ásamt fylgigerðum
 - EMIR ásamt fylgigerðum
 - Skortsölureglugerðina ásamt fylgigerðum
 - CRD IV/CRR ásamt fylgigerðum, þ.m.t. tæknistaðal um gagnaskil
 - Transparency
 - 12 nýjar móðurgerðir sem allar verða birtar á árinu 2014
- Að auki koma mjög líklega til ýmsar viðbætur á þessum tíma, s.s.
 - Reglugerðir um skuggabankastarfsemi
 - Ný tilskipun og reglugerð um greiðsluþjónustu
 - Ný tilskipun og reglugerð um peningaþvætti
 - Ný tilskipun um rafræna eignaskráningu verðbréfa (SLD)
 - Nokkrar reglugerðir um sjóði: peningamarkaðssjóði, ELTIF og vísitölusjóði

Sviðsmynd 4 – engin lausn

- Ef stjórnarskrárvandinn leysist ekki – hvað þá?